

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. október 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-38/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á lakki bifreiðar, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess í fyrsta lagi að kaupunum verði rift, en til vara að bifreiðin verði sprautuð af viðurkenndum aðila og yfirfarinn af verkstæði umboðsaðila bifreiðarinnar til að útiloka að bifreiðin sé haldin frekari göllum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 11. júní sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 25. júní. Með bréfi, dags., 27. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 13. júlí. Með bréfi, dags. 31. ágúst var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bárust þær hinn 12. september. Hinn 19. september bárust kærunefndinni frekari gögn frá álitsbeiðanda og sama dag sendi kærunefndin bréf til álitsbeiðanda og óskaði eftir nánar tilgreindum gögnum og bárust þau hinn 24. september. Með bréfi, dags. 26. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á að gera athugasemdir við ný gögn í málinu og bárust þær kærunefndinni hinn 4. október sl. Kærunefndinni bárust ekki frekari gögn.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt álitsbeiðni, keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000, sem er af gerðinni Skoda Octavia Ambiente, árgerð 2005, nýskráð í júlí það ár, af seljanda hinn 17. nóvember 2011 fyrir kr. 1.950.000. Var bifreiðin ekin 91.000 km. við kaupin.

Hinn 10. apríl sl., eða um 5 mánuðum eftir kaupin var álitsbeiðandi að þrifa bifreiðina í annað skipti frá því kaup fóru fram og tók þá eftir því að lakkglæra bifreiðarinnar var byrjuð að flagna af. Fór álitsbeiðandi í kjölfarið með bifreiðina á sprautuverkstæði á Ísafirði til skoðunar og taldi starfsmaður verkstæðisins að bifreiðin hefði verið heilsprautuð eftir upprunalega sprautun. Lét álitsbeiðandi einnig skoða lakkið hjá bílaverkstæði í Kópavogi og var niðurstaðan þar sú sama. Þetta þótti álitsbeiðanda einkennilegt, enda var honum við kaup bifreiðarinnar sérstaklega bent á að hún væri ekki á tjónaskrá. Hafði álitsbeiðandi í kjölfar þessa rannsakað málið og komist að því að tryggingafélag hafði eignast bifreiðina í kjölfar þess að hún var dæmd ónýt, en það hafi gerst eftir að bifreiðin var barin öll utan. Tryggingafélagið hafi ekki talið borga sig að gera við bifreiðina og því borgað hana út. Þá hafi seljandi bifreiðarinnar einnig lent í tjóni á henni á árinu 2007, en það tjón kemur heldur ekki fram sem skráð tjón í ökutækjaskrá.

Meðfylgjandi álitsbeiðni eru myndir af bifreiðinni, en á þeim má glöggst greina lakkskemmdir. Þá fylgir bréf frá sprautuverkstæði þar sem ályktað er að bifreiðin hafi verið heilsprautuð eftir upprunalega sprautun.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að hann hafi keypt bifreiðina á bílasölu í Reykjavík í júlí 2007 og að hann hafi ekki vitað að bifreiðin hefði verið keypt af tryggingafélagi í kjölfar tjóns, því síður hafi hann vitað að bifreiðin hefði verið heilsprautuð.

Í andsvörum kemur einnig fram að þær tímasetningar á seinna tjóni bifreiðarinnar sem álitsbeiðandi gefur upp, þ.e. vegna rispu á stuðara, séu ekki réttar. Þá er rakið að seljandi geti ekki vitað hvað álitsbeiðandi hafi verið að gera á bifreiðinni þá fimm mánuði sem liðu frá kaupum og þar til lakkskemmda varð vart. Seljandi hafi sjálfur hafi ekki tekið eftir lakkskemmdum við söluna, né vinir hans eða bílasalinn í Reykjavík. Kveðst seljandi ekki getað borið ábyrgð skemmdum á lakkinu, bæði vegna þess að þær komu fram fimm mánuðum eftir að hann seldi bifreiðina, en einnig vegna þess að þær megi rekja til atvika sem ekki varði hann heldur fyrri eiganda og vegna þess að hann hafi ekki vitað af skemmdunum á meðan bifreiðin var í hans eigu. Hafnar seljandi öllum kröfum álitsbeiðanda.

V

Úr gögnum málsins

Kærunefndin óskaði eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda með bréfi dags. 19. september sl. og bárust þau gögn hinn 24. september og fékk seljandi sent afrit af þeim gögnum til athugasemda. Þar sem samskipti aðila máls á síðari stigum snúa að öðrum atriðum en er varða kröfur álitsbeiðanda í máli þessu, verður efni þeirra ekki rakið frekar.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup, enda var bifreiðin keypt fyrir milligöngu bílasölu.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Sem fyrir er rakið er deilt um galla á bifreið af gerðinni Skoda Octavia Ambiente, sem var ekin 91.000 km. við kaupin, árgerð 2005, nýskráð í júlí 2005 og því sex ára og fjögurra mánaða þegar kaupin fóru fram. Kaupverð var kr. 1.850.000.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni xx-000, dags. 17. nóvember 2011, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Kærunefndin álitur að um kaupin gildi því 17. gr. laga nr. 48/2003, en þar segir m.a. eftirfarandi:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b-lið 1. mgr. 16. gr. segir síðan:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. laganna kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem að í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi kemur fram að bifreiðin fór í ástandsskoðun fyrir kaupin, ekki getur talist líklegt að lakk bifreiðarinnar hafi verið skoðað sérstaklega af því tilefni. Þá kemur fram að veittur hafi verið 100.000 kr. afsláttur af kaupverði vegna „óvæntra lakkskemmda“. Eru aðilar máls sammála um að umræddur afsláttur hafi verið veittur vegna rispu á stuðara bifreiðarinnar í kjölfar óhapps, þó ekki séu þeir sammála um hvenær það óhapp hafi átt sér stað, en ekki vegna annarra skemmda á lakki bifreiðarinnar. Þá fullyrðir seljandi að ekki hafi verið neitt að sjá á lakki bifreiðarinnar við söluuna utan áðurnefnda rispu.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. neytendakaupalaga er galli sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, enda sannast ekki annað. Í máli þessu munu hafa liðið um 5 mánuðir frá kaupunum og þar til álitsbeiðandi varð þess var að lakk bifreiðarinnar var skemmt utan áðurnefndrar rispu. Þeirri fullyrðingu hefur ekki verið mótmælt af seljanda. Þá fylgir álitsbeiðni yfirlýsing frá bílasprautunarverkstæði á Ísafirði, þar sem segir að lakkskemmdir á bifreiðinni megi að öllum líkindum rekja til þess að bifreiðin hafi verið eftir upprunalega sprautun og að endursprautunin hafi líklega ekki verið nægjanlega vel unnin. Einnig kemur fram í málinu að aðilar málsins eru sammála um að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni fyrir kaupin sem leiddi til þess að heilsprauta þurfti bifreiðina og virðist þetta hafa átt sér stað áður en seljandi eignaðist bifreiðina, þ.e. fyrir miðjan ágúst 2007.

Þá er fram komið að söluverð bifreiðarinnar var kr. 1.850.000, og mun það vera í herra lagi að athuguðu viðmiðunarverði samskonar bifreiða.

Að þessu öllu virtu er það álit kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 og að ekki sé um að ræða galla sem kaupandi hefði átt að verða var við skoðun á bifreiðinni. Kærunefndin vill þó taka fram að ekkert bendi til þess að seljanda hafi verið kunnugt um þennan galla. Álitsbeiðandi getur beint kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar en seljandi aftur á móti kann að eiga kröfu á hendur þeim sem hann keypti af.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Að mati kærunefndarinnar er í máli þessu rétt að seljandi veiti álitsbeiðanda afslátt af bifreiðinni, en kærunefndin telur ekki, eins og mál þetta sé vaxið, að sá galli sem er á bifreiðinni sé það verulegur að hann leiði til þess að heimilt sé að rifta kaupunum, en í 32. gr. laganna segir að í stað afsláttar skv. 31. gr. geti neytandi rift kaupunum nema galli sé óverulegur. Þetta þýðir einfaldlega það að gallar verða að vera töluverðir til að riftun geti náð fram að ganga. Um afslátt fer skv. ákvæðum 26. gr. og 31. gr. laganna. Sá afsláttur þykir hæfilega metinn kr. 500.000 og er þá haft til hliðsjónar áætlað verðmæti bílsins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartímanum.

VII
Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 500.000.

Áslaug Árnadóttir

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir